

Nd.

362. Frumvarp til laga

[167. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Birgir Finnsson, Guðlaugur Gislason.

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 7. gr. laganna komi nýr töluliður:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa samtök sjómanna og útvegsmanna í æ ríkara mæli tekið upp í kaup- og kjarasamninga sína ákvæði um líf- og slysatryggingar til viðbótar þeim, sem lögboðnar eru.

Þau óhugnanlegu sjóslys, sem orðið hafa á síðustu mánuðum, hafa leitt í ljós, að vanræksla hefur átt sér stað varðandi kaup á hinum samningsbundnu tryggingum af hálfu forráðamanna útgerðarfélaganna þrátt fyrir áskoranir Landssambands íslenskra útvegsmanna til félaga sinna um að halda tryggingum þessum í fullu gildi.

Þegar lögskráð er á fiskiskip okkar, er venjulegast skráð „samkvæmt gildandi samningum“. Ef skip ferst, sem á hefur verið lögskráð á þennan hátt, og í samningum þeim, sem skráð er eftir, er kveðið á um sérstaka líftryggingu, eiga aðstandendur þeirra, sem farizt hafa, skaðabætur í váttryggingarfé skipsins og öðrum eignum útgerðarinnar, ef forráðamenn hennar hafa vanrækt að kaupa tryggingu þessa. Það getur hins vegar verið deiluatríði, hversu rétt há slík skaðabótakrafa er, t. d. hvort hún sé forgangskrafa, eins og krafa um vangoldin laun. Hins vegar verður að teljast sanngjarnt og nauðsynlegt, að þær kröfur, sem hér hefur verið rætt um og eru samningsatriði um launakjör, séu jafnréttáar og kröfur um vangoldin laun. Ef svo er ekki, má í mörgum tilfellum búast við, að efnalítil útgerðarfyrirtæki fái ekki staðið undir þessum og öðrum kröfum, og getur svo farið, að þeir, sem misst hafa fyrirvinnu sína í sjóslysi, standi uppi án þess öryggis, sem slík trygging veitir og samið hefur verið um.

Frumvarp þetta felur í sér viðauka við 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, en sú grein fjallar um, hvaða gögn skipstjóri skuli afhenda skráningarstjóra, þegar lögskráning í skipsrúm fer fram. Í gildandi lögum segir, að það skuli vera: skipstjóraskírteini hans, mælingabréf skipsins og haffærisskírteini, atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til, skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefur verið gerð, viðskiptabækur og sjóferðabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu. Ef frv. þetta verður að lögum, er jafnframt skylt að sýna við lögskráningu vottorð frá tryggingarfélagi þess efnis, að samningsbundnar líf- og slysatryggingar séu í gildi.

Flutningsmenn telja, að með samþykkt þessa frv. verði aðstandendum þeirra sjómanna, sem samningsbundin trygginga nyttu, tryggt, ef um sjóslys eða skipstapa væri að ræða, að þeir fengju tryggingarféð greitt, hvað sem fjárhagslegri afkomu útgerðarinnar liði og án málarekstrar.